STÆRRA BLAÐ – NÚ 12 SÍÐUR!

# Fréttapíp

Fréttarit Félags pípulagningameistara

Nr. 13 – Mars 2020





*Myndir frá Aðalfundi FP 2019.*

## Aðalfundi og Árshátíð aflýst

Ýmislegt verður undan að láta í venjubundnu félagsstarfi þessa mánuðina. Nú hafa Árshátíð og Aðalfundur Félags pípulagningameistara verið flautuð af. Reynt verður að halda Aðalfund félagsins seinnihlutann í maí. Árshátíðin verður svo að doka, a.m.k. fram á haust.

### Sigurður Ingvar Hannesson, formaður FP:

# Það eru afar sérstakir tímar í heiminum núna

*Sælir félagar!*

Það eru sérstakir tímar nú í heiminum. Veira sem ógnar lífi fólks og yfirvöld allstaðar að berjast eftir fremsta megni við að koma einhverjum böndum á þennan vágest. Ég tel að okkar fólk sé að gera þetta eins rétt og mögulegt er, þá bæði ríksstjórn og ekki síst heilbrigðiskerfið með okkar frábæra starfsfólki.

Það sem gerist óhjákvæmilega í svona ástandi er að samfélagið hægir algerlega á sér og fólk er sett í sóttkví við minsta grun um smit. Það þýðir að stöðugt fjölgar fólki í sóttkví og greining á smituðum líka.

Við iðnaðarmennirnir, sérstaklega þeir sem eru í þjónustunni, erum í meiri áhættu þegar kemur að smiti þar sem við erum mikið inni á heimilum fólks, förum í okkar

*– Sjá framhald greinar á bls. 2.*



*Sigurður Ingvar Hannesson, formaður Félags pípulagningameistara við störf á skrifstofu félagsins.*

**Húsasmiðjan – Lagnadeildin tekur stakkaskiptum – sjá bls. 9**

### Böðvar Ingi Guðbjartsson, pípulagningameistari og kennari:

# Breytingar í Meistaraskólanum – meira sameiginlegt

Breytingar hafa orðið í Meistaraskólanum síðustu misseri. Samkvæmt nýju námsskránni er meira sameiginlegt, alls fimm fög. Það er A-hluti sem er sameiginlegur öllum iðngreinum og snýst aðallega um rekstur og stjórnun ásamt kennslufræðinni.

Síðan er B-hluti þar sem fimm fög eru sameiginleg öllum (gæðastjórnun, vöruþróun, verklýsingar og tilboðsgerð, öryggis- og umhverfismál og svo lokaverkefni). Þar gátu starfsgreinaráðin síðan komið með tillögur að faggreinum fyrir sína iðngrein.

Sumir bættu engu við en í byggingariðnaðinum eru þetta mælingar og mælitækni, efnisfræði og burðarþol, ásamt sértækum lögum og reglugerðum.

Þannig að í heildina er meira sameiginlegt með öllum iðngreinum og því auðveldara að halda alltaf öllu í kennslu. Einnig er námið með þessum breytingum orðið styttra hjá þeim sem voru með lengstu prófin áður og heldur lengra hjá þeim sem voru með styttri próf í gamla kerfinu.

Það er því orðið mun minna bil á milli iðnmeistaranna, eftir fögum, hvað varðar námslengd.

**ÍSRÖR með veggþétti frá KRASO fyrir allar gerðir lagna & kapla – sjá bls. 4**

PÍPUM SAMAN!

GEBERIT mapress
BRUGMAN
damixa When design makes sense
SABIANA
GROHE
DALLMER
fischer
REHAU
DAB WATER•TECHNOLOGY
MEA
Danfoss

BYKO
lagnadeild@byko.is

IÐAN fræðslusetur

Áhugaverð námskeið á næstunni



# Fjarnám: Raunkostnaður útseldrar þjónustu

Þetta námskeið er fyrir iðnmeistara og verktaka sem selja út efni, vinnu og tæki. Markmið þess er að kenna þátttakendum útreikning á nauðsynlegri álagningu á tilboðs- og tímavinnu.
Á námskeiðinu er stuðst við reiknilíkön í excel ásamt nýrri útgáfu af forritinu TAXTA. Með TAXTA IV er auðvelt að sjá m.a. hvort við erum með nægilega álagningu inni í útseldri vinnu, vélum og tækjum, hvort borgi sig að bæta við starfsfólki í stað eftirvinnu, hversu mikla fjárfestingu reksturinn ber, hvað þarf að rukka fyrir háþrýstidæluna, borðsögina, gröfuna, körfubílinn, vinnupallana, ekinn kílómetra o.s.frv.
Þegar þátttakandi hefur slegið inn nokkrar tölur úr síðasta ársreikningi og skráð starfsmenn sína ásamt vélum sem hann vill verðleggja sérstaklega inn í TAXTA liggur niðurstaðan fyrir.
Á námskeiðinu er kennd notkun á TAXTA ásamt reiknilíkönum í excel sem hvort tveggja er innifalið í námskeiðsgjaldinu.

Hefst 21. apríl kl: 13:00.
Lengd: 6 klukkustundir.
Kennarar: Ferdinand Hansen, gæða- og öryggisstjóri GG Verk og Eyjólfur Bjarnason, byggingatæknifræðingur.
Staðsetning: Ekki skráð.
Nánari upplýsingar á idan.is.




Heildarlausnir í festingakerfum frá Walraven hafa verið í notkun á Íslandi með frábærum árangri til fjölda ára.

ÍSLEIFUR JÓNSSON
Draghálsi 14 -16 ·110 Reykjavík · Iceland · www.isleifur.is

walraven

**Sigurður Ingvar Hannesson, formaður FP:**

# Það eru afar sérstakir tímar í heiminum núna

*Framhald greinar af forsíðu....*
fagverslanir og hittum kollegana. Við verðum að gæta okkar einstaklega vel svo við verðum ekki einhverjir ofursmitberar.
Ég hef heyrt í mörgum meisturum varðandi ástandið og er tiltölulega gott hljóðið í flestum. Það virðist vera nóg að gera hjá all flestum en eitthvað að róast hjá öðrum sem er alveg viðbúið.
Ekki er ólíklegt að það muni draga úr vinnu eftir því sem faraldurinn tekur lengri tíma og einnig að menn fari að missa launþega í sótthví. Stjórnvöld hafa boðaða efnahagslegar aðgerðir til að sporna við ástandinu og vonandi bætir það stöðuna hjá okkur. Ríkið tekur á sig að greiða laun fyrir þá sem skikkaðir eru í sóttkví.  Ef launamenn ákveða sjálfir að fara í sóttkví eiga þeir  ekki rétt á launum.

*Í stjórnatíðindum kemur þetta fram:* „Skilyrði fyrir greiðslum eru m.a. að launamaður hafi sannanlega verið í sóttkví samkvæmt fyrirmælum heilbrigðisyfirvalda og hafi ekki getað sinnt vinnu að öllu leyti eða hluta þaðan sem hann sætti sóttkví. Gilda sambærileg skilyrði fyrir sjálfstætt starfandi einstakling" sjá nánar *https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2020/03/13/Frumvarp-til-laga-um-timabundnar-greidslur-vegna-launa-einstaklinga-sem-saeta-sottkvi/*

Ef menn veikjast, telst það sem veikindadagar sem launagreiðandi greiðir eftir veikindadögum hvers og eins.
Árshátíð félags pípulagningameistara var sleginn af en hún átti að vera 28. mars  og eins og málin hafa þróast var engin annar kostur í stöðunni enn að taka samfégaslega ábyrgð og blása hana af.  Aftur á móti stefnum á að halda aðalfund í mai og vonandi verður fundarfært þá. Árshátíðin verður tekin til skoðunnar síðar.
Staðan er bara þannig núna að ef eitthvað stefnir í að verða skemmtilegt er það blásið af til öryggis.
Höldum gleðinni samt áfram, stöndum samann (þó eingöngu með 2ja metra millibili, og auðvitað þvegnir og sprittaðir) og leitum til hvers annars ef menn þurfa hjálp.
Munum að þetta gengur yfir!

*Með félagskveðju,*
*Sigurður Ingvar Hannesson,*
*Formaður félags píplagningameistara.*






Vandaðir og góðir VARMASKIPTAR.

Margra ára reynsla á Íslandi.

Mikið magn á lager.

VERKLAGNIR.IS
517 0270 - verklagnir@verklagnir.is





*Að neðan: Talið frá vinstri: Gunnar Kjartansson skólastjóri, Brynjólfur Axel Jóhannesson, Albert Ingi Lárusson, Geri Ragnarsson, Einar Löve Þorsteinsson, Einar Jakob Þórsson, Gunnar Ásgeir Sigurjónsson kennari.*
*Á gulvestungamyndinni sem er til vinstri er Böðvar Ingi Guðbjartsson kennari, fimmti talið frá hægri.*
*Efst til vinstri er skólinn sem hópurinn heimsótti.*
*Efst til hægri er sorporkuverið og myndin lengst til hgri sýnir krabbann moka á eldinn.*







# Skólinn – Pípudeild Tækniskólans skólaárið 2019-2020

Skólaárið 2019-2020 í Pípudeild Tækniskólans byrjaði á hefðbundinn hátt síðastliðið haust. Við kennarar og nemendur fórum í okkar árlegu utanlandsferð í október 2019, að þessu sinni til Svíþjóðar, nánar tiltekið til Linköping. Þar vorum við í tvær vikur með nemendur í framhaldsskóla sem kennir pípulagnir. Undanfarin ár höfum við verið með nemendur í Noregi.
Enn og aftur erum við minntir á hvað við Íslendingar erum rík af auðlindum, heitu og köldu vatni. Í Linköping skoðuðum við meðal annars sorporkuver sem brennir sorpi til að kynda bæjarfélagið í Linköping. Inn í reykháfnum eru pípulagnir, lokað kerfi, með vökva inn á sem hitnar inn í reykháfnum og stór hringrásardæla sem sér um að keyra vökvann þar í gegn og inn í miðlægar stöðvar sem sjá um að skammta inn í hvert húsnæði. Fróðlegt var að sjá hvernig þeir hreinsa reykinn úr reykháfnum svo vel sé. Við allavega fundum ekki fyrir neinni mengun af völdum þessa sorporkuvers sem sér um að kynda bæjarfélagið.
Miklar breytingar hafa orðið á aldri nemenda í námi í pípulögnum. Við erum að fá nemendur til okkar beint upp úr grunnskóla sem langar að verða pípulagningamenn. Flestir nemendur okkar hafa ekki komið nálægt pípulögnum en hafa séð til okkar t.d. þegar keppt hefur verið í pípulögnum, keppni í Verk- og iðngreinum. Félag Pípulagningameistara (FP) hefur ávallt staðið vel að þeim keppnum og tekið virkan þátt undan farin ár eða alveg frá upphafi. Fólk hefur haft á orði hvað FP hefur lagt mikinn metnað í sjálfa keppnina. Einnig hefur samstarf milli grunnskóla stórbatnað og grunnskólanemendur eru að fá miklu betri kynningar um verknám en verið hefur.
Félag pípulagningameistara ætlar að senda Kristófer Daða Kárason, ríkjandi Íslandsmeistara í pípulögnum, til Austurríkis 16.-20. september 2020 í Graz. Þar mun Kristófer Daði keppa í EuroSkills. Undirritaður kemur til með að þjálfa hann og fara með honum til Austurríkis.
Núna þegar vorönn 2020 er rétt rúmlega hálfnuð er brostið á samkomubann vegna Covid-19. Öll kennslan fer fram í gegnum fjarskiptabúnað og er notast við Microsoft Teams. Kennslan í gegnum Teams hefur gengið vel og eftir páska verður endurskoðað hvort nemendur geti komið í skólann til að klára og þá sérstaklega verklegu greinarnar. Það er viðbúið að veita þurfi einhvern afslátt sakir þessara fordæmalausu aðstæðna og þá skiptir máli frammistaða nemenda fram að samkomubanni og virkni þeirra inn á Teams. Það ríkir mikil óvissa um það hvort hægt verður að opna skólann strax eftir páska miðað við fregnir um það að Covid-19 smit eigi að vera í hámarki um miðjan apríl, en skólinn fer eftir leiðbeiningum Almannavarna Ríkislögreglustjóra. Ef samkomubannið dregst á langinn getur það haft áhrif á nemendur í lokaáfanganum í pípulögnum. Einnig gæti farið svo að sveinsprófið í pípulögnum verði fært fram á haust. Sveinspróf í pípulögnum eru haldin tvisvar á ári sem næst skólaslitum á hverri önn.
Kosturinn við verknámskennara er að grunnur þeirra er iðnnám og það sem einkennir iðnaðarmenn er að þeir eru stöðugt að leysa verkefni og vandamál og við það verða þeir mjög lausnamiðaðir; þetta mun blessast.

*Böðvar Ingi Guðbjartsson,*
*pípulagningameistari og kennari.*

## Kvöldskólinn gengur vel

Kvöldskólinn hefur gengið vel og var settur á til að ná til þeirra sem hafa ekki tækifæri á því svo vel sé að mæta í dagskóla og einnig til að mæta þeim mikla biðlista sem myndast hefur af nemendum sem komast ekki í skólann sakir þess að mikil aðsókn hefur verið í nám í pípulögnum. Nemendur þurfa að vera orðnir 25 ára til að komast í kvöldskólann.




# Vatn og veitur með morgunhressa pípara í kaffi og kruðeríi





Margir þeirra birgja sem eru að þjónusta pípulagningamenn bókstaflega dekra við þá í orðsins fyllstu merkingu. Kemur það meðal annars fram í því að margir þeirra bjóða upp á góða kaffiaðstöðu og meðlæti. Þá er líka algengt að þessir sömu birgjar gera sérstaklega vel við mannskapinn í þessum efnum á föstudögum.

Ljósmyndari Fréttapíps kíkti nýlega við einn föstudaginn á kaffistofunni hjá Vatni & Veitum og smellti nokkrum myndum af mannskapnum sem þar var mættur. Menn voru hressir og brosmildir og gerðu sér gott af kruðeríinu sem var í boði. Eins og sést á meðfylgjandi myndum þá máttu sumir verla vera að því að hanga í kaffi; þurftu líka að versla fyrir vinnudaginn.

















# Sýningunni Verk & vit 2020 frestað fram á haust

StórsýninginVerk & Vit, sem halda átti í fjórða sinn í Laugardalshöll um miðjan mars s.l. hefur verið frastað fram á haustið.

Uppselt er á sýningarsvæðið og því margir aðilar búnir að leggja vinnu og fjármagn í sýninguna.

Verk & Vit er sýning þar sem fyrirtæki sem koma að mannvirkjagerð með einum eða öðrum hætti kynna sig, vörur sínar og þjónustu. Afla á þann hátt nýrra viðskiptasambanda og efla og styrkja tengsl við sína viðskiptavini.

Stórsýningin Verk & Vit fer fram annað hvert ár og var síðast haldin árið 2018. Þá voru alls 110 sýningaraðilar og samtals sóttu sýninguna 25 þúsund gestir, sem í báðum tilvikum er met frá fyrri sýningum.

Það er fyrirtækið AP almannatengsl sem sér um framkvæmd sýningarinnar. Meðal samstarfsaðila má nefna Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið, Samtök iðnaðarins, Reykjavíkurborg, BYKO og Landsbankann.



*Frá sýningunni Verk & Vit 2018.*




# KRASO veggþétti frá ÍSRÖR fyrir allar gerðir lagna og kapla

Ísrör ehf. hefur nýlega hafið innflutning á sérstaklega öflugri og einfaldri lausn í veggþéttingum frá þýska stórfyrirtækinu KRASO®. Þessar lausnir henta fyrir allar gerðir lagna og kapla. KRASO® hefur þróað og býður upp á einstakt úrval þétti lausna fyrir allar þarfir byggingariðnaðarins.

Sérstaklega áhugaverðar lausnir eru inntaksþéttin, sem eru einföld og skilvirk lausn fyrir nýbyggingar, breytingar og endurbætur. KRASO® inntaksþétti er hægt að nota bæði í kjarnaboruð göt sem og í inntaksrör til að þétta með köplum og rörum. Í allar KRASO® vörur eru aðeins notað hágæða efni; ryðfrítt stál í gæðaflokki V2A (einnig V4A) og sérstaklega þróaða gúmíefnablöndu sem þrýstist einstaklega vel inn holur og rifur í veggjum og þétta að kápu röranna eða kaplanna eins og best verður á kosið.
Það er ekki aðeins efnisvalið, heldur einnig hönnunin, sem gerir KRASO® inntaksþéttin eins góð og raun ber vitni. 5 mm þykkar þrýstiplötur og suðuboltar í stað innsetinna skrúfna, tryggja gæðin. Þéttin sem hér um ræðir eru ED, DD og TD-X sem eru einföld, tvöföld og þreföld og geta haldið allt að 10 bara þrýstingi fyrir utan rýmið sem á að þétta. Einnig er hægt að fá þessi þétti klofin þannig að hægt er að setja þau utan um lagnir eða kapla sem búið er að koma fyrir í götum. Svo eru það M þéttin sem þétta með mörgum lögnum eða köplum í gegnum sama gatið. Þau er hægt að útbúa sem sér lausn fyrir hvert gat fyrir sig. Þéttin eru vatns-, olíu- og eldsneytisþolin. Hitaþol er allt að 220°C.
Ein megin ástæða velgengni KRASO® vörunnar en það nána samband stofnanda fyrirtækisins, Jürgens Krasemann, við fagaðilana sem þurftu á þessum lausnum að halda. Hann ræddi beint við fagmennina og stjórnendur á verkstað framkvæmda, til að komast að því milliliðalaust hver væru vandamálin við vatnsþéttingu mannvirkja. Þannig þróaði hann lausnir fyrir hvert og eitt vandamál sem menn stóðu frammi fyrir.



*KRASO® hefur þéttilausnir fyrir allar gerðir lagna og kapla.*

KRASO® inntaksþéttin eru ekki aðeins prófuð á framkvæmdasvæðum, þau eru einnig prófuð á rannsóknarstofu. Fyrir hverja gerð þéttis er opinbert prófunarvottorð frá prófunarstofnun (MPA) sem staðfestir



þéttleika þéttanna. Sum KRASO® þéttin hafa einnig verið prófuð af DVGW rannsóknarmiðstöðinni við Engler Bunte Institute (EBI) tæknistofnunar Karlsruhe samkvæmt DIN 13611 (kafla 7.2) sem varða gas-þétileika. Frekari upplýsingar og bæklinga á íslensku færðu hjá Ísrör ehf., www.isror.is.


Eigum nokkrar nýlegar Maber vöru- og mannskapslyftur á lager til sölu eða leigu

Burðargeta 2 tonn.



Hafðu samband 568 0100

www.stolpigamar.is

Upplýsingar á:
stolpigamar@stolpigamar.is

Stólpi Gámar
Óseyrarbraut 12 | 220 Hafnarfirði | Klettagörðum 5 | 104 Reykjavík



HÚSASMIÐJAN
HLUTI AF BYGMA

Allar verslanir opnar
Ath: Breyttur afgreiðslutími - sjá husa.is
Allir velkomnir í 16 verslanir um land allt og vefverslun
Virðum fjöldatakmarkanir og leiðbeiningar Almannavarna



SÞ pípulagnir ehf.
Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585
Sigurdur.pipari@gmail.com

Króm og hvítt
Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

PÍPULAGNIR
Fagmennska – Færni - Frumkvæði
srr@iav.is - GSM: 660 6201

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

litlalagna.is
LITLA
LAGNAÞJÓNUSTAN

GG LAGNIR ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
stofnað 1988
Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

Öll alhliða pípulagningarþjónusta
SHV
Fagmennska í fyrirrúmi
PÍPULAGNIR
SHV Pípulagnir ehf.
Funafold 54 - 112 Reykjavík
Sími: 587 8715
GSM: 821 1040
shv.pipulagnir@internet.is

FLÆÐI
Pípulagnir ehf.
MAGNÚS Á. MAGNÚSSON
PÍPULAGNINGAMEISTARI
Flæði pípulaginir ehf.
Svæði - 620 Dalvík -
S. 466 1401/898 5524
maggisvaedi@simnet.is

MJÖG LAGNIR
Mjög lagnir ehf.
Kópavogsbraut 62
200 Kópavogi
GSM 661 3338
& 853 0273
mjoglagnir@gmail.com

JMH pípulagnir ehf.
Reykjavíkurvegur 52a - 220 Hafnarfirði
GSM. 898 0851 - nonnipip@hotmail.com

B.Markan ehf.
Pípulagnir
660 6690

RENNSLI ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is

LAGNAVIRKJUN ehf.
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI
Bæjargil 63 - 210 Garðabær
GSM: 847 7128 - lagnavirkjun@internet.is

ALHLIÐA PÍPULAGNIR SF.
- Akralind 5
- 201 Kópavogi
- Sími 567 1478
- pipulagnir@alhlida.is

Tröllalagnir ehf.
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

IÐAN fræðslusetur
Áhugaverð námskeið á næstunni



# Fjarnám – Stafræn gæðastýring

Námskeið þetta er ætlað iðnmeisturum og byggingarstjórum.
Á námskeiðinu verða allir fullfærir um að halda utan um eigin úttektir og alla verkferlaskráningu eigin verka sem og utanumhald allra gagna er viðkoma verkinu. Það verður farið yfir á mjög einfaldan hátt hvernig hægt er að framfylgja því sem stendur í lögum um eigin úttektir með stafrænum verkfærum.
Námskeiðið er verklegt og þurfa allir að koma með snjallsíma eða spjaldtölvu. Sýnt verður á mjög einfaldan hátt hvernig úttektir í máli og myndum fara fram og hvernig eftirvinnslu þeirra skráninga/ganga er háttað. Unnið verður með gæða- og verkefnastýringarkerfið Ajour.

Námskeiðið er þátttakendum að kostnaðarlausu.

Hefst 30. apríl kl: 09:00.

Lengd: 3 klukkustundir.

Staðsetning: Ekki skráð.

Kennari: Jóhannes Unnar Barkarson, byggingafræðingur.

Allar nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna inn á www.idan.is.




Byggingarreglugerðir krefjast þess að brunnar séu settir við allar nýbyggingar enda er mikið öryggi og kostnaðarhagkvæmni fólgin í að hafa aðgang að lögnum utanhúss vegna eftirlits og viðhalds.
Sæplast framleiðir brunna til fráveitulagna úr polyethylene-efni (PE).

Í Sæplast-vörulínunni er fjölbreytt úrval brunna til að mæta mismunandi notkunarkröfum.
Brunnarnir eru fáanlegir í þremur þvermálsstærðum: 400 mm, 600 mm og 1000 mm.
ATH. Hægt er að fá upphækkanir á alla brunna.
Fást í byggingavöruverslunum um land allt.

Sæplast ráðleggur að ætíð sé leitað til fagaðila um niðursetningu á brunnum.

sæplast
HLUTI AF RPC GROUP

SÆPLAST • Gunnarsbraut 12 • 620 Dalvík • Sími 460 5000 • sales.europe@saeplast.com • www.saeplast.com
® Sæplast er skrásett vörumerki í eigu RPC GROUP

JOHNNY PÍPARI
Mávanesi 13 - 201 Garðabæ
GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com

STOFNLAGNIR PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Stofnlagnir ehf.
Viðarrima 19 - 112 Reykjavík
GSM 660 0499 - wc@islandia.is

vatnsidnadur.net
– GAGNAGRUNNUR
– ÞEKKING – SAGA

lagnaafl
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
Almannakór 6 – 203 Kópavogi
GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafl.is

Gaui píp ehf
Skipasundi 1 - 104 Reykjavík
GSM 821 5789 - gauipipari@gmail.com

HS pípulagnir
HS pípulagnir ehf.
Smiðjuvegur 4
200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@hive.is

AH PÍPULAGNIR
AH pípulagnir ehf.
- Suðurhrauni 12c
- 210 Garðabæ
- Sími 555 7012
- GSM. 822 7100
pipari@pipulagnir.is

NESLAGNIR ehf
Pípulagnaþjónusta
Bergási 12 – 260 Reykjanesbæ
GSM: 698 6309 – neslagnir@internet.is

Press Lagnir ehf
Presslagnir ehf.
Funafold 29 - 112 Reykjavík
GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is

HÚSA LAGNIR PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Húsalagnir ehf.
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

SB Pípulagnir ehf
pípulagnaþjónusta
skipaþjónusta
Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870
Netfang stefanbr@simnet.is

S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík
GSM 693 9000
sos@soslagnir.is
S.O.S lagnir ehf.

MIÐSTÖÐIN
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is

RÖRLEGGJARINN ehf.
Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík
GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

PÍPULAGNIR SAMÚELS & KÁRA EHF


GRUNDFOS
BE THINK INNOVATE
Dælur
Grundfos CR dælurnar eru fyrir krefjandi verkefni, vatnsveitur, hitaveitur og útveg.
Dæla -20 til 120°C í stöðugu rennsli.

Grundfos dælurnar eru traustar og dugandi
GRUNDFOS og Ísleifur Jónsson - Traust samstarf síðan 1946!
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Draghálsi 14 - 16 · Sími 4 12 12 00
www.isleifur.is


Símenntun í iðnaði
Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVUSTUDD HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÍLGREINASVIÐ
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ
IÐAN fræðslusetur
www.idan.is

# Bunustokkur og Krafla frá Ísleifi Jónssyni ehf. – Skápar með varmaskiptum



## Krafla 24 – staðreyndir

Neysluvatnsbanki fyrir upphitað heitt neysluvatn með hringrás á neyslulögn.
Ætlað til nota í stærri fjölbýlishúsum.
Dæmigerðar afkastakröfur fyrir 24ra íbúða hús.

Hitaveita: 75-25°C.
Kalt / heitt vatn : 6-65°C.
kW: 350.

## Staðreyndir um Bunustokk

Nokkrar staðreyndir um tengigrindina Bunustokk: Skápur með varmaskipum fyrir ofna- og/eða gólfhitun. Varmaskiptir er með afköst fyrir ofnahitun, 15-18 kW. Fyrir gólfhita: afköst 30 kW. Þegar búnaður er notaður fyrir gólfhita ber að nota gólfhitagrind með uppblöndunardælu. Varmaskiptir fyrir heitt neysluvatn er með afköst 125 kW miðað við 75°C-36 // 5-65 °C. Íhlutir eru lagervara og er auðvelt að skipta út. Allur búnaður er í skáp með hurð og eru tengingar að ofan og að neðan á skáp. Fyrirferðarlítill og nettur skápur með allan búnað tilbúinn til að setja upp á vegg og tengja.
Stærð: 80x60x25 cm.




| VARMASKIPTA AFKÖST | | |
|---|---|---|
| **Ofnahitun** | **Gólfhiti** | **Neysluvatn** |
| 15-18 kW | 30 kW | 125 kW |
| 75-37 °C /70-30 °C | 75-35 °C/45-28°C | 75-36 °C/65-5°C |

### Athugið eftirfarandi við uppsetningu á Bunustokk:

Þá ber að nota eftirfarandi:
a. Þrýstiminnkari ¾" GOETZE EPDM (stillt 3 bar )V.nr: 02968120
b. BPV slaufuloki ¾ (stillt 2 bar) V.nr: 02198320
c. BPV fjöður KPA 250 f. ¾" V.nr: 02190902

Allar stillingar miðast við aðstæður á hverjum stað.
ATH! Ekki tengja Bunustokk við þrýstijafnara.

# Húsnæðis- og mannvirkjamál nú á einum stað

Þann 1. janúar 2020 sameinuðust tvær stofnanir; þ.e. Íbúðalánasjóður og Mannvirkjastofnun undir nýju nafni, Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (skammstafað HMS).
Sameiningunni er ætlað að stuðla að heildstæðri yfirsýn yfir húsnæðis- og manvirkjamál á einum stað ásamt því að efla stefnumótun og framkvæmd húsnæðis- og mannvirkjamála til hagsmuna fyrir almenning.
Það var því formleg opnun nýrrar stofnunar þann 2. janúar s.l.
Starfsemi stofnunarinnar er að Borgartúni 21. Vakin er athygli á nýju símanúmeri, 440-6400 og nýrri heimasíðu www.hms.is þar sem finna má allar upplýsingar um starfsemi sameinaðrar stofnunar.

## Hlutverk Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Hlutverk okkar er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja faglegan undirbúning mannvirkjagerðar og virkt eftirlit með gæðum, öryggi og heilnæmi. Að stuðla að stöðugleika á húsnæðismarkaði og tryggja almenningi aðgengi að viðunandi húsnæði á viðráðanlegu verði.


# FRÁVEITULAUSNIR

Vörurnar frá Borgarplasti eru léttar, níðsterkar og meðfærilegar. Þær eru framleiddar fyrir íslenskar aðstæður. Brunnarnir okkar og skiljurnar eru álagsprófaðar af Nýsköpunarmiðstöð Íslands, Iðntæknistofnun o.fl.



Rotþró samkvæmt ÍST EN 12566-1:2000/A1:2003.




BORGARPLAST

www.borgarplast.is
Völuteigur 31 - 270 Mosfellsbær - Sími 561 2211
Fax 561 4185 - borgarplast@borgarplast.is

# Lagnadeild Húsasmiðjunnar tekur stakkaskiptum







Það hefur sannarlega verið líf í tuskunum í Lagnaverslun Húsasmiðjunnar að undanförnu. Starfsmenn hafa tekið rösklega til hendinni við breytingar, endurbætur og tiltekt með það að markmiði að bæta og auka þjónustuna við fagmenn í pípulögnum. Það er Ágúst Berg Arnarson, verslunarstjóri Lagnaverslunar Húsasmiðjunnar, sem hefur veitt forystu röskum hópi starfsmanna Lagnaverslunarinnar í þessum umbótum.

Að sjálfsögðu geta fagmenn í pípulögnum hér eftir, sem hingað til, gengið að frábæru vöruúrvali Lagnaverslunarinnar sem fagmenn í pípulögnum þekkja, svo sem: Allt lagnaefni og fittings fyrir neysluvatn, heitt og kalt. Hverskonar lokar og síur í úrvali og festingar í mörgum útfærslum. Gott úrval af koparfittings og allt fyrir frárennslislagnir, stórar og smáar. Og ekki má gleyma ofnum og hitablásurum í úrvali. Gólfhitalagnir og snjóbræðslur fyrir allar aðstæður.
Einnig hefur verið unnið markvisst að því að auka úrvalið; bæta við nýjum og áhugaverðum vörumerkjum hjá Lagnaversluninni. Þar er helst að nefna uppádraganlegt pex-a frá General fittings á Ítalíu. Einnig hefur Lagnaverslunin tekið inn nýtt vörumerki í pressuðu álpexi frá Henco í Belgíu. Þetta álpex er pex-c – ál – pex-c og er með helmingi þykkara állagi og límlagi en menn eiga venjast sem, gerir rörið gríðalega gott og stabílt.

Svo er Lagnaverslunin komin með nýjan birgja í skólplögnum frá Serbíu. Þessi nýja skólplína nefnist PP Strong, SN8 efni sem, er sterkara efni skólplagna, ætlað undir til dæmis umferðarmannvirki. Starfsmenn Lagnaverslunar Húsasmiðjunnar taka á móti fagmönnum í pípulögnum í Fagmannaverslun Húsasmiðjunnar í Kjalarvoginum.

Nánari upplýsingar á www.husa.is.



**Ágúst Berg Arnarson er verslunarstjóri Lagnaverslunar Húsasmiðjunnar.**




## Fjarnám: Brunaþéttingar

Þetta námskeið er fyrir alla þá sem koma að byggingarframkvæmdum og þurfa að þétta milli brunahólfa. Markmið þess er að þátttakendur kunni skil á reglum um brunaþéttingar og efni sem notuð eru til þeirra.
Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

Hefst 22. apr. kl: 13:00.
Lengd: 4 klukkustundir.
Kennari: Guðmundur Gunnarsson, byggingaverkfræðingur.
Staðsetning: Ekki skráð.
Alla nánari upplýsingar er að finna á www.idan.is







# Jólaveisla Ísleifs 2019

Þar sem tveir pípulagningameistarar koma saman, þar er gaman. Þetta má með sanni segja og ekki bregst það að þegar forráðamenn Ísleifs Jónssonar ehf. efna til sinnar árlegu Jólaveislu, þá láta píparar ekki sitt eftir liggja og fjölmenna. Á myndunum, sem teknar voru í Jólaveislu Ísleifs Jónssonar ehf. 12. desember s.l., má sjá eldhressa og brosmilda pípara gæða sér á hangikjöti og tilheyrandi.



















**K0RADO ofnarnir hafa yljað Íslendingum um árabil**





# KORADO RADIK miðstöðvarofnar og gólfofnar frá Vatnsvirkjanum



Vatnsvirkinn hefur undanfarin ár flutt inn miðstöðvarofna, handklæðaofna og gólfofna frá framleiðandanum KORADO. Íslenskir pípulagnamenn hafa tekið vel við sér og hefur markaðshlutdeild KORADO ofnanna vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum. Fagmenn í pípulögnum þekkja KORADO RADIK miðstöðvarofnana og gólfofnana vel fyrir stöðugleika í gæðum og öryggi og einstaklega fallega hönnun.



## Vatnsvirkinn flytur í nýtt 2000 m$^2$ húsnæði



Á sama tíma og verið var að leggja lokahönd á vinnslu Fréttapíps, þá flutti Vatnsvirkinn starfsemi sína í nýtt og glæsilegt húsnæði á Skemmuvegi 48.
Nýja húsnæðið er um 2000 m$^2$ og er alger bylting frá því á gamla staðnum á Smiðjuveginum. Einnig er stórt útisvæði og allt aðgengi útivið stórbætt. Aðstaða og aðgengi viðskiptavina að verslun og vörum hefur verið stórbætt. Eigendur Vatnsvirkjans bjóða fagmenn í pípulögnum velkomna í nýja verslun sína. Opnunarhátíðin verður þó samt að bíða betri tíma eins og ástandið er í samfélaginu af völdum veirunnar.

# KORALUX handklæðaofnarnir eru augnayndi

KORALUX handklæðaofnarnir frá KORADO hafa verið í boði hjá Vatnsvirkjanum mörg unanfarin ár og eru vel þekktir fyrir öryggi og gæði meðal fagmanna í pípulögnum.
Svo eru engar ýkjur að segja að KORALUX handklæðaofnarnir eru hreint augnayndi. Það er enda afar algengt að þeir séu orðnir veglegur hluti af frábærri hönnun, eins og sést á myndunum að neðan.
Gott litaúrval í boði og möguleikar á sérpöntunum (sjá litapallettu). Nánari upplýsingar á www.vatnsvirkinn.is.

KORALUX LITAPALLETTUR









IÐAN fræðslusetur

**Áhugaverð námskeið á næstunni**



## Fjarnám: Ábyrgð byggingastjóra

Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingarframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur.
Markmið þess er að upplýsa þátttakendur um ábyrgð sína og skyldur sem byggingar-stjórar. Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingaryfirvöld.
Farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir og meðhöndlun uppdrátta, lög, reglugerðir, tryggingar og tryggingaslit. Kynnt gildi og framkvæmd úttekta, s.s. áfanga-, fokheldis-, stöðu- og lokaúttekta.
Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er vísir að gæðakerfi fyrir byggingarstjóra. Í mannvirkjalögum er gert ráð fyrir því að byggingarstjórar hafi gæðakerfi vegna starfa sinna. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun.

Hefst 17. apríl kl: 13:17. Lengd: 8 klukkustundir.
Kennari: Magnús Sædal Svavarsson, byggingatæknifræðingur.

Staðsetning: Ekki skráð. Nánari upplýsingar á www.idan.is.



REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI

TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN MEÐ SÉREIGN

KYNNTU ÞÉR MÁLIN Á BIRTA.IS

Sundagörðum 2 I 104 Reykjavík I 480 7000 I birta.is

BIRTA LÍFEYRISSJÓÐUR



Nýtt vöruhús að Klettagörðum 21

Hitaveiturör - Vatnsrör - Fráveiturör - Hlífðarrör

Set ehf. | Sími 480 2700 | info@set.is | www.set.is




STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA

- Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
- Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
- Tröppur & stigar í úrvali
- Loftastoðir • Net á vinnupalla

Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!

STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is

STOÐ PALLALEIGA



Danfoss tengigrindur

Fyrir neysluvatns-, ofnhita-, gólfhita-, snjóbræðslukerfi, setlaugar og fl.

Sérhannaðar fyrir íslenskar aðstæður.

Áratuga reynsla stjórnbúnaðar við íslenskar hitaveituaðstæður.

Við erum leiðandi í hönnun og framleiðslu á stjórnbúnaði og tengigrindum fyrir hitakerfi.

Danfoss hf. • Skútuvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 510 4100 • www.danfoss.is